



BSF3A01 Stýri – fjöðrun – hjólastilling

Námsáætlun, vorönn 2021

Kennari/kennarar:

Björgvin Guðleifsson
Gísli Þór Þorkelsson

Netfang/netföng:

bjorgvin.gudleifsson@borgo.is
gisli.thorkelsson@borgo.is

Lýsing:

Farið yfir aðferðir við mat á ástandi búnaðar og íhluta í undirvagni og vinnubrögð við undirbúning og framkvæmd hjólastillinga, bæði tvíhjólaog fjórhjólastillinga. Farið yfir hjólhorn og tilgang þeirra. Gerðar æfingar í hjólastillingum með vélrænum og rafrænum tækjum. Farið yfir ýmsar aðferðir til að mæla burðarvirki og undirvagn. Áhersla á hættur við vinnu undir ökutæki, nákvæm vinnubrögð og akstursöryggi eftir viðgerð.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið; nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- o hjólhornum og tilgangi með kröfum til stýris-, fjöðrunar- og hjólabúnaðar í reglugerð um gerð og búnað ökutækja
- o kröfum reglugerðar um gerð og búnað ökutækja sem varða hjólastillingar
- o aðferðum til að meta ástand burðarvirkis og yfirbyggingar
- o kröfum til burðarvirkis í reglugerð um gerð og búnað ökutækja

Hæfniviðmið; nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- o lýsa mælingu burðarvirkis, sérstaklega vegna hjólfestinga, stýrisog fjöðrunarbúnaðar
- o lýsa afleiðingum þess ef hjólhorn eru röng eða vanstillt
- o undirbúa hjólastillingu

Leikniviðmið; nemendi skal hafa öðlast leikni í að:

- o ástandsskoða stýris- og fjöðrunarbúnað
- o mæla og stilla hjólastefnu fólks- og flutningabifreiða
- o nota bilanagreini við miðjustillingu stýris

Námsmat:

o **Verklegt mat;** nemandinn sýnir hvernig hann undirbýr hjólastillingu með athugun á ökutækinu, aðstæðum og tækjabúnaði. Hann lýsir og sýnir hvernig kvörðun hjólastillitækja fer fram. Nemandinn mælir hjólhorn/hjólastefnu ökutækja og gerir viðeigandi stillingar eða segir til um úrbætur sem þarf að gera á ökutækinu

o **Skriflegt mat;** nemandinn leysir verkefni og próf í kennsluvef Electude.

Vægi: Verklegt mat: 40% Skriflegt mat 40% Þátttaka og virkni 20%



Námsgögn:

Modern automotive technology, Electude.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Þessi námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar vegna sóttvarna.

Mikilvægt er að nemendur mæti stundvíslega og í viðeigandi hlífðar og vinnufatnaði.

Klára þarf að minnsta kosti 95% af fyrirlögðum verkefnum í electude og því þarf að skila eigi síðar en á lokadegi lotunnar.



Borgarholtsskóli

Dagur 1: Kynning á efni lotunnar og farið yfir námsefnið.

Dagur 2: Hjólastillingar á verkstæði skólans.

Dagur 3: Hjólastillingar á verkstæði skólans.

Dagur 4: Hjólastillingar á verkstæði skólans.

Dagur 5: Hjólastillingar á verkstæði skólans, upprifjun og verkefnaskil.
--